

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Akraness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Biðskylda verði á Faxabraut á gatnamótum Faxabrautar og Akursbrautar gagnvart umferð um Akursbraut.
2. Einstefna verði á Iðjustíg, þannig að einungis verði leyfð umferð frá Vesturgötu niður Iðjustíg.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Akranesi, 9. febrúar 1993.*

**Sigurður Gizurarson.**